

Reykjavík 25. febrúar 2013

Niðurstaða athugunar vegna útgáfu sértryggðra skuldabréfa Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt skoðun á utanumhaldi Arion banka hf. um útgáfu sértryggðra skuldabréfa í samræmi við 8. og 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og XIII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið veitti Arion banka hf. leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa hinn 25. nóvember 2011. Leyfi bankans var háð skilyrðum sem Fjármálaeftirlitið setti, en auk þeirra þarf útgáfa bankans að uppfylla lög nr. 11/2008 og reglur nr. 528/2008 um sértryggð skuldabréf. Í samræmi við lög um sértryggð skuldabréf skipaði bankinn sjálfstæðan skoðunarmann til að hafa eftirlit með útgáfunni og tryggingasafni útgáfunnar.

Athugun Fjármálaeftirlitsins var framkvæmd með vettvangsheimsóknum og gagnaöflun á starfsstöðvum bankans auk viðtala við sjálfstæðan skoðunarmann með útgáfunni. Niðurstöður athugunarinnar eru byggðar á gögnum og upplýsingum sem aflað var vegna hennar og miðast við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athuginin fór fram.

Fjármálaeftirlitið telur að bankinn uppfylli almennt framangreind lög og reglur. Þó var gerð athugasemd við að Arion banki hf. taki skuldabréf inn í tryggingasafnið sem eru með veðsetningarhlutfall yfir 80%. Í svari Arion banka hf. við niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins kemur fram að veðhlutfall sé ávallt að hámarki 80% við lánveitingu en þar sem töf geti orðið á að bréfin séu skráð í tryggingasafnið geti verðtryggð skuldabréf hækkað. Afstaða Fjármálaeftirlitsins er þó sú að skuldabréf skulu á þeim degi sem þau séu skráð í tryggingasafnið uppfylla skilyrði lagana, þ.e. að veðhlutfall af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis skuli að hámarki nema 80%.

Í samræmi við 9. gr. a. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins birtir stofnunin hér með opinberlega niðurstöðu nefndrar athugunar.